

Kjaradeila Félags tónlistarskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Til skýringar á starfsumhverfi tónlistarskóla / vegna krafna SNS

Félag tónlistarskólakennara leitast við að byggja framtíðina inn í kjarasamninginn á hverjum tíma.

Sá sveigjanleiki sem hefur verið byggður inn í kjarasamninga tónlistarskólakennara og stjórnenda tónlistarskóla er langt umfram það sem nú er stefnt að í kjarasamningum hjá öðrum skólagerðum.

1. Allur vinnutími settur undir stjórn skólastjóra

Í kjarasamningum 2005 var vinnutímaskipting einfölduð og allir liðir færðir undir stjórn skólastjóra. Sérstök skilgreining á lágmarkstíma kennara til undirbúnings kennslu og æfinga var felld út og eftirfarandi sett inn í samninginn: skólastjóri ráðstafar vinnu kennara til þeirra faglegu starfa og verkefna sem starfsemi tónlistarskólans kallar á.

- Sveigjanleiki í skólastarfi var hér aukinn – skilgreindum vinnutímaþáttum fækkað.

2. Árlegur starfstími tónlistarskóla aðlagður að starfstíma grunnskóla á sama svæði Innbyggður sveigjanleiki í kerfinu allt að 5,8%

Með kjarasamningunum 2001-2004 var starfstími tónlistarskóla lengdur, aðlagður að starfstíma grunnskóla á sama svæði, og þar með felld úr gildi tilvísun í reglugerð nr. 132/1992 um starfstíma.

Ákvæði um starfstíma í tónlistarskólum fela í sér sveigjanleika sem nemur fráviki um tvær vikur frá starfstíma grunnskóla á sama svæði.

Þessi sveigjanleiki felur í sér sveigjanlegan vikulegan vinnutíma, að meðtalinni vikulegri kennsluskyldu, í tónlistarskólum. Þróunin hefur verið sú að vikuleg kennsluskylda og vinnuskylda hefur aukist verulega á liðnum árum.

- Dæmi um sveigjanleika þar sem starfstími grunnskóla er 37 vikur. Ef tveggja vikna frávikið er nýtt og kennslutímabil tónlistarskóla á sama svæði er ákvarðað 35 vikur felur það í sér: 5,2- 5,8% hærri kennsluskylda (fer eftir námsstigi, grunn-, mið- og framhaldsnám)
- Að sama skapi er mögulegt að lækka vikulega vinnuskylda tónlistarskólakennara ef kennslutímabilið er 39 vikur í stað 37.

3. Að auki er mögulegt að stytta eða lengja kennslutímabil tónlistarskóla enn meira með samkomulagi starfsmanna og stjórnenda/atvinnurekenda.

4. Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr.75/1985 og aðalnámskrá tónlistarskóla útgefin af mennta- og menningarmálaráðuneytinu mynda ramma fyrir starfsemi tónlistarskóla.

Tónlistarskólar sem starfa á grunni framangreinds skulu veita nemanda kennslu í aðalnámsgrein auk a.m.k. tveggja aukanámsgreina. Allt frá setningu laga um fjárhagslegan stuðning við

tónlistarskóla, árið 1963, hefur einnar klukkustundar kennsla í aðalnámsgrein verið útgangspunktur skilgreiningar á fullu námi.

Aðgerðir sveitarfélaga í kjölfar efnahagshrunsins leiddu m.a. til að kennslustundir voru styttaðar með tilheyrandi fjölgun nemenda í umsjá hvers kennara.

Dæmi um sveigjanleika í kerfinu:

- Kennari með nemendur í fullu námi, þ.e. þeir fá 60 mín. í aðalnámsgrein, er með 20 nemendur. Dæmi er um að nemendur á fyrstu námsárum fái nú einungis 40 mín. á viku í aðalnámsgrein. Við þessa breytingu yrði kennarinn með 27 nemendur í stað 20 í fullu starfi. Sveigjanleikinn varðandi fjölda nemenda í umsjá kennara í 100% starfi nemur hér allt að 35%.
- Kennari sem hefur einungis nemendur í hálfu námi, þ.e. þeir fá 30 mín. í aðalnámsgrein á viku, færir frá því að hafa 20 nemendur í sinni umsjá upp í að vera með 33 nemendur. Sveigjanleikinn varðandi fjölda nemenda í umsjá kennara í 100% starfi nemur hér allt að 65%.

5. Dæmi um annan sveigjanleika í kerfinu

Í kjarasamningnum er vinnutíma kennara skipt í þrjá þætti. Auk kennslu og faglegra starfa er skilgreindur tími til tónleika og tónfunda (88-110 klst. eftir námsstigum).

Þessi vinna fer fram með nemendum og er unnin að mestu utan dagvinnumarka og um helgar.

Kröfur samninganefndar sveitarfélaga um breytingar í kjarasamningi samningsaðila

- Samninganefnd sveitarfélaga gerir þá kröfu að skólastjóri/rekstraraðili geti einhliða ákvarðað lengd vikulegs vinnutíma kennara í gegnum ákvörðun um fjölda kennsluvikna – og er stéttarfélaginu gert að samþykkja það að vinnuvika tónlistarkennara geti farið upp í 53 klst. eða meira.
- Samninganefnd sveitarfélaga fer fram á það að ekki sé gerður greinarmunur á því í kjarasamningnum hvort kennari hafi 20 nemendur í sinni umsjá í 100% starfi eða 100 nemendur.

Samninganefnd FT stendur andspænis kröfum sem ekki er hægt að verða við:

Breytingarnar myndu slíta starfsemi tónlistarskóla úr tengslum við sitt faglega umhverfi þar sem þeir eru í æ nánara samstarfi við aðrar menntastofnanir.

Þessar kröfur ógna faglegri getu tónlistarskóla til að uppfylla þau skilyrði að starfa samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla.

Stéttarfélag á 21. öld getur með engu móti skrifað upp á það í miðlægum kjarasamningi að vikulegur vinnutími fólks sé alfarið ákvörðun vinnuveitanda.

Við hljótum að gera þá kröfu að vinnutími stéttarinnar taki mið af eðlilegum vinnudegi, rétti fólks til mannsæmandi og fjölskylduvænum vinnutíma, manngildis- og vinnuverndarsjónarmiðum.

Stöðugar kerfisbundnar endurbætur á umgjörð skólastarfs eru nauðsynlegar í því skyni að straumlínulaga kerfið sem best að margbreytilegu starfsumhverfi, núverandi stefnumörkun, auknum tengslum við samfélagið o.fl. Kerfið þarf stöðugt að leitast við að byggja framtíðina inn í starfsemina.

Samkvæmt öllum nútíma stjórnunarháttum er framangreint viðurkennt.

Við stöndum hins vegar frammi fyrir því að þessar viðurkenndu aðferðir í umhverfi stofnanna eru ekki viðurkenndar aðferðir við samningaborðið. Það að tónlistarkennarar og stjórnendur hafi sjálfir átt stóran þátt í þróun og breytingum á kjarasamningi aðila – og litið á það sem sjálfsgöðan hlut án þess að greiðsla þurfi að koma fyrir hverja breytingu – er að koma í bakið á okkur nú.

Skilaboðin eru – NEI, það telst ekki til verðmæta ef við höfum framkvæmt breytingar án mikilla átaka og talað fyrir þeim og innleitt sjálf!!

Ef menn vilja í alvöru að breytingar í kjarasamningi styðji við fyrirliggjandi fagleg og kjaraleg markmið, þá er það ekki rétta aðferðin að tala um það sem við erum að selja – heldur skyldi horfa á það sem sveitarfélögin eru að kaupa.

Það sem tónlistarkennarar og stjórnendur eru að bjóða upp á í dag er fyllilega sambærilegt við það sem samningar annarra kennara og stjórnenda bjóða upp á.

Það er sanngirnismál að launakjör kennara og stjórnenda í tónlistarskólum verði leiðrétt sem nemur því gapi sem tók að myndast á milli stéttarinnar og félagsmanna KÍ í öðrum aðildarfélögum í tengslum við mismunandi gildistíma kjarasamninga á árinu 2008.